

Ed.

120. Frumvarp til laga

[98. mál]

um lækku lögbundinna framlaga á fjárlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í sérstökum lögum um tiltekin framlög á fjárlögum er heimilt að lækka slík framlög á fjárlögum áráanna 1976 og 1977 um allt að fimm af hundraði (5%).

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til framlaga vegna slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga og ekki til hreinna markaðra tekjustofna í gjaldahlið, þ.e. tekjustofna sem koma fram án mótframlags af nokkru tagi í gjaldahlið fjárlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og fram er tekið í athugasemdum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1976 er talið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við vexti ríkisútgjalda á næsta ári vegna hins alvarlega efnahagsástands, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir, einkum varðandi viðskiptastöðuna gagnvart útlöndum og þróun verðlagsmála. Einn liður í þeirri efnahagsmálastefnu ríkisstjórnarinnar er að draga úr sjálfvirkni ríkisútgjalda með því að leita heimildar til að lækka lögbundin framlög um 5% á árunum 1976—1977.

Um 1. gr.

Lögbundin framlög eru ýmist ákveðin sem tiltekin fjárhæð í viðkomandi lögum, eða miðuð við þætti sem ekki verða að fullu kunnir fyrr en við uppgjör eftir á og eru framlög á fjárlögum að sjálfsögðu áætlunarfjárhæðir í slíkum tilvikum. Við gerð fjárlagafrumvarpsins voru fjárveitingar miðaðar við 5% skerðingu lögbundinna framlaga úr báðum framangreindum flokkum.

Um 2. gr.

Framlög til almannaþrygginga eru undanþegin ákvæðum 1. gr. þar sem sérstakt frumvarp er lagt fram vegna fyrirhugaðra aðgerða á því sviði.

Markaðir tekjustofnar, þ.e. tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa, ganga ýmist sem sama fjárhæð gegnum tekjuhlið og gjaldahlið fjárlaga eða við tekjustofninn bætist í gjaldahlið fjárhæð í formi hreins ríkissjóðsframlags. Við mat á aðstæðum við ákvörðun um lækku útgjalda þótti ekki fært að skerða tekjustofna þar sem um ekkert mótframlag af framangreindu tagi er að ræða.